

**Nd.** **258. Frumvarp til laga** [167. mál]  
um þóknun fyrir lögboðna innheimtu gjalda.

Flm.: Friðrik Sophusson, Albert Guðmundsson.

1. gr.

Hvarvetna þar sem atvinnurekendum er með lagaboði gert skylt að innheimta opinber gjöld eða aðrar greiðslur hjá starfsfólki sínu eða kaupendum vöru þeirra eða þjónustu skal greiða þeim þóknun fyrir innheimtuna er nemi 3% — þremur af hundraði — af upphæðum innheimtra gjalda. Þóknunin greiðist um leið og innheimtufénu er skilað til réttra aðila, enda sé það gert innan þeirra tímamarka sem lögboðið er.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Frumvarp þetta er endurflutt frá síðasta þingi.

Þess sér víða stað í lögum, að atvinnurekendum er gert að skyldu að innheimta opinber gjöld og aðrar lögbundnar greiðslur af starfsfólki sínu eða viðskiptamönnum vegna sölu vöru eða þjónustu og skila því fé til innheimtumanna hins opinbera, sjóða eða stofnana. Lagaheimildum og lagaboðum um slíka innheimtuskyldu atvinnurekenda hefur fjölgað hin síðari ár og þeim er nú beitt í ríkum mæli, en engin þóknun er greidd fyrir þá mikilsverðu aðstoð við innköllun gjaldanna sem þannig er látin í té.

Þessum innheimtustörfum fylgir mikil og vaxandi vinna og ábyrgð og verður að telja mjög ranglátt að leggja slíkar kvaðir á vissa aðila í þjóðfélaginu án þess að nokkur greiðsla komi fyrir til þess að mæta óhjákvæmilegum kostnaði og áhættu vegna innheimtunnar, meðan aðrir, sem vinna í þágu hins opinbera, fá fulla greiðslu fyrir störf sín. Útlagður kostnaður atvinnurekenda vegna umsýslu er auk þess skattlagður í formi aðstöðugjalda. Hér þarf að taka upp nýjan og betri sið, og því er lagt til í þessu frumvarpi að þeir atvinnurekendur, sem gert er skylt með lagaboði að innheimta slík gjöld í rekstri sínum, fái þóknun fyrir þau störf er nemi 3% af innheimtufénu til þess að mæta kostnaði og áhættu vegna innheimtunnar. Það kann að vera álitamál, hvort sú þóknun, sem hér er lagt til að ákveðin verði, sé hæfileg eða hversu mikil hún skuli vera, og er íhugunarefni þeirrar þingnefndar sem fjallar um málið. Í þessu sambandi þykir þó rétt að vekja athygli á því, að í frumvarpi til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, sem lagt var fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981, er einmitt gert ráð fyrir því í niðurlagi 1. mgr. 46. gr. frumvarpsins, að ofangreindum hundraðshluta, 3%, skuli haldið eftir vegna innheimtu- og álagningar-kostnaðar þeirra gjalda er frumvarpið tekur til. Með frumvarpi því, sem hér er lagt fram, er að því stefnt, að eðlileg og sanngjörn borgun komi fyrir unnin störf. Þess skal getið, að Skúli Guðmundsson alþingismaður flutti á 88. löggjafarþinginu frumvarp um þóknun fyrir innheimtu opinberra gjalda, svohljóðandi:

„Nú eru notaðar heimildir í lögum til þess að fyrirskipa atvinnurekendum að innheimta opinber gjöld hjá fólki, sem þeir hafa í þjónustu sinni, og skal þá greiða þóknun fyrir innheimtuna, er nemi 3% af upphæðum innheimtra gjalda. Þóknun greiðist um leið og innheimtufénu er skilað til rétttra aðila.“

Frumvarpinu var vísað til ríkisstjórnarinnar 16. apríl 1968, en ekkert hefur gerst í málinu síðan.

Að lokum skal til fróðleiks getið helstu gjalda, þeirra er atvinnurekendum er í dag ætlað að innheimta í rekstri sínum:

1. Tekjuskattur launþega.
2. Útsvar launþega.
3. Söluskattur, 10/1960.
4. Launaskattur, 14/1965.
5. Iðnaðargjald, 64/1965.
6. Iðnlánasjóðsgjald, 45/1963.
7. Slysstrygging I, 27.—29. gr. laga um almannatryggingar.
8. Slysstrygging II, 27.—29. gr. laga um almannatryggingar.
9. Atvinnuleysisstryggingagjald, 57/1973.
10. Lífeyrissjóðsgjald, 1974 (4. mars).
11. Lífeyristryggingagjald, skv. 20. gr. laga um almannatryggingar.
12. Sjúkrasjóðsgjald, 19/1979.
13. Orlofsfé, 87/1971.

Auk þessara gjalda, sem frumvarpið nær til, innheimta atvinnurekendur m. a. félagsgjald til launþegasamtaka og orlofsheimilasjóðsgjald.

Í bréfi til fyrri flutningsmanns frá Hólmfriði Árnadóttur, framkvæmdastjóra Sambands veitinga— og gistihúsa, er bent á að til eru fleiri greiðslur en þær sem áður hafa verið tíundaðar. Má þar nefna innheimtugjöld eins og **skemmtanaskatt** og **menningarsjóðsgjald** og álögð gjöld á fyrirtæki svo sem **eftirlitsgjald með vínveitingahúsum** og **Stefgjald**, auk annarra gjalda. Í bréfinu er einnig til gamans bent á að skv. 5. gr. laga 58/1970 fær lögreglustjóri 2% innheimtulauna af skemmtanaskatti.